



## Fundargerð hreppsnefndar 20. ágúst 2015

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 20. ágúst 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Steingrímur Árnason, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Sigurjón Hauksson, Víglundur Páll Einarsson og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti Stefán Grímur Rafnsson setti fundinn. Í upphafi fundar óskaði oddviti heimildar að leita afbrigða og taka á dagskrá undir almenn mál lið k deiliskipulag og umhverfismatsskýrslu athafna – og urðunarsvæði á Búðaröxl. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir:

4. Fundar Velferðarnefndar dags. 20. maí 2015, samþykkt samhljóða
- Hafnarstjórnar dags. 12. júní, samþykkt samhljóða, fundargerð frá 7. júlí samþykkt samhljóða. Fundargerð frá 6. ágúst 2015, sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Hagtaks í dýpkun innsiglingarrennu. En tilboð Hagtaks hljóðaði upp á kr. 157.250.000,-. Fundargerðin samþykkt samhljóða í heild sinni.
- Fræðslunefndar dags. 24. júní 2015, lögð fram til kynningar
- Stjórnarfundar Arnarvatns dags. 17. ágúst 2015, lögð fram til kynningar
- Samgöngunefndar SSA dags. 19. desember 2014, 17. febrúar, 14. apríl, og 26. maí 2015, fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
10. 11. og 12. fundar stjórnar SSA. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
- Stjórnarfundar Héraðsskjalasafns Austfirðinga dags. 28. maí og 8. júlí 2015. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
829. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, lögð fram til kynningar
- 2. Almenn mál:**
- Í bréfi frá verkefnastjóri sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú er óskar eftir tillögum frá sveitarstjórnarmönnum um málefni sem taka ætti til umræðu á aðalfundi SSA sem haldinn verður á Djúpavogi dagana 2. og 3. október nk.
- Sveitarstjóri kynnti endurskoðað starfsmat frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Í bréfi frá Sjálfsbjörg er vakin athygli á úttekt á aðgengi fyrir fatlaða í opinberum byggingum, umferðarmannvirkjum og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að.
- Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs, Fljótadalshrepps, Djúpavogshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar vísar erindi um átak í meðferð heimilisofbeldismála til umræðu í sveitarstjórnnum sem aðild eiga að nefndinni. Um er að ræða eins árs tilraunarverkefni sem kostar um kr. 15.000.000,- pr/ári. Sveitarstjórn telur rétt að ræða málið á vettfangi SSA og samþykkir að málinu verði vísað til aðalfundar SSA 2015.

14. Beiðni um umsögn um umsókn Iceland Resources ehf um leyfi til leitar og rannsókna á málmum í Vopnafirði og að Héraðsflóa að norðvestanverðu. Sveitarstjórn lýsir áhuga sínum á málinu og felur sveitarstjóra að svara erindinu á jákvæðum nótum.
15. Kynnt var hugmynd að strandblakvelli við Lónabraut 4. Sveitarstjórn samþykkir gerð strandblakvallar við Lónabrut 4. fyrir sitt leyti og vísar málinu til meðferðar skipulags- og umhverfisnefndar.
16. Innanríkisráðuneytið hefur samþykkt lögreglusamþykkt fyrir Vopnafjörð og birt bæði í B-deild Stjórnartíðinda og á vef Innanríkisráðuneytisins. Lögreglusamþykktin verður einnig birt á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps.
17. Lagt var fram bréf frá Steingrími Eiríkssyni hrl. vegna áforma Vopnafjarðarhrepps að leggja gjald á veiðihúsið í Fossgerði fyrir notkun á heitu vatni frá borholu við sundlaugina í Selárdal. Bréfið kemur í framhaldi af reikningi sem Vopnafjarðarhreppur hefur sent Veiðifélagi Selár fyrir notkun á heitu vatni úr borholu við sundlaugina í Selárdal. Sveitarstjóra falið að fá álit lögmanns sveitarfélagsins á málinu.
18. Lögð fram umsókn um námsvist fyrir barn sem óskað er eftir að fái að stunda nám skólaárið 2015/2016 í Naustaskóla Akureyri. Samþykkt samhljóða að heimila barninu að stunda nám í Naustaskóla skólaárið 2015/2016.
19. Drög að samþykkt um fagráð sem kemur að málefnum hjúkrunarheimilisins Sundabúðar sem sveitarstjóri hefur unnið lög fram. Sveitarstjórn samþykkti starfsreglur fyrir fagráðið.
20. Lagt var fram deiliskipulag og umhverfisskýrsla fyrir athafna – og urðunarsvæði á Búðaröxl. Sveitarstjórn samþykkti að auglýsa deiliskipulagið og umhverfisskýrsluna.

### 1. 3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

1. Forstjóra Rarik þar sem sveitarstjórnarmenn á svæðinu er boðið til fundar við stjórn og starfsmann Rarik í Þórsveri á Þórshöfn, fimmtudaginn 27. ágúst. til að ræða orkumál almennt, þjónustu fyrirtækisins og önnur þau mál sem upp kunna að koma.
2. Hrund Snorradóttur þar sem óskar eftir lausn frá störfum sem fulltrúi í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps frá 1. ágúst sl. Sveitarstjórn samþykkir að veita Hrund Snorradóttur lausn frá störfum sem fulltrúi í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps.
3. Tónlistarskóla Akureyrar vegna umsóknar Eddu Bjarkar Vatnsdal sem er með lögheimili á Vopnafirði um að stunda tónlistarnám á miðstigi við Tónlistarskólann á Akureyri. Áætlaður kostnaður við við grunn- og miðstig í Tónlistarskólanum á Akureyri 2015 er kr. 881.785,-. Framundan er vinna við endurskoðun á rekstri Tónskóla Vopnafjarðar með það að markmiði að nemendur geti lokið prófi frá skólanum. Með því skapast aðstæður fyrir nemendur frá Vopnafirði að stunda nám í öðrum skólum án verulegs kostnaðar. Oddviti bar upp tillögu þess efnis að sveitarfélagið greiði námskostnað Eddu Bjarkar. Tillagan var felld með atkvæðum Stefáns Gríms Rafnssonar, Steingríms Árnasonar, Eyjólfss Sigurðssonar og Sigríðar Elvu Konráðsdóttur. Magnús Þór Róbertsson, Víglundur Einarsson og Sigurjón Hauksson sátu hjá.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin síðan lesin upp og samhljóða samþykkt. Fundi slitið kl. 17:14